

málinu, virðist gerðarbeiðendum óskýlt að sætta sig við, að gerðarpolar hafa sett læsingu á dyr að gangi, sem liggur að baklóð hússins, enda verður ekki betur séð en að þeim sé þörf að hafa þar aðgang. Skiptir þar ekki meginmáli afstaða gangs þessa við íbúð gerðarþolanna. Það verður ekki hjá því komizt að taka þá kröfu gerðarbeiðenda til greina, að nema burt umræddan lás með fógetagerð.

Rétt má telja, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Læsing sú, sem gerðarpolar hafa sett á dyr að kjallara-gangi, sem liggur að baklóð hússins nr. 61 við Barónsstíg, skal tekin burt með fógetagerð samkvæmt kröfu gerðarbeiðenda og á þeirra ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. apríl 1962.

Nr. 187/1961. **Guðlaug Helga Sveinsdóttir**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Páli Kolbeins og Ólafi Jónssyni og búi Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur

(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir, Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Búskipti vegna hjónaskilnaðar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 13. desember 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 11. desember s. á. Kröfur áfrýjanda eru þær, aðallega að búi þeirra Ólafs Jónssonar verði sýknað af kröfum stefnda Páls Kolbeins, en til vara, að kröfur þessar

verði greiddar af hjúskapareign stefnda Ólafs Jónssonar. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast þess, aðallega að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, þó þannig, að kröfur þær, sem dæmdar voru, verði goldnar af hjúskapareign stefnda Ólafs Jónssonar. Til vara krefjast þeir þess, að áfrýjandi verði dæmd til að hlíta því, að framangreindar kröfur verði taldar skuldir eiginmanns hennar, Ólafs Jónssonar, við búskipti þeirra vegna skilnaðar. Loks krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er því lýst, að krafa sú, sem stefndi Páll Kolbeins lýsti í bú áfrýjanda og eiginmanns hennar hinn 21. maí 1958, stafar af bifreiðarkaupum eiginmanns áfrýjanda. Telja verður, að bifreið þessi hafi verið hjúskapareign eiginmanns áfrýjanda. Samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1923 ber áfrýjandi ekki ábyrgð á kröfu þessari, enda er ekki sannað, að hún hafi tekið á sig sérstaka ábyrgð á henni. Telja verður, að hér sé um gilda kröfu að ræða á hendur eiginmanni áfrýjanda, Ólafi Jónssyni, svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði. Samkvæmt 48. gr. laga nr. 20/1923 ber að halda aðgreindum hjúskapareignum hjóna við skipti vegna hjónaskilnaðar og ganga úr skugga um sérskuldir hvors um sig. Kröfu stefnda Páls Kolbeins er því ranglega beint gegn áfrýjanda, og ber að sýkna hana af henni, en samkvæmt framansögðu ber að dæma hana til að hlíta því, að fjárkrafa sú, sem dæmd er í hinum áfrýjaða úrskurði, verði talin skuld eiginmanns hennar við búskiptin.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjanda, Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, ber að hlíta því, að framangreind fjárkrafa stefnda Páls Kolbeins, að fjárhæð kr. 3.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. maí 1958 til greiðsludags, verði talin skuld stefnda

Ólafur Jónssonar við búskipti þeirra vegna skilnaðar. Að öðru leyti á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum stefndu í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 20. maí 1961.

Sóknaraðili máls þessa, Páll Kolbeins, Túngötu 31 hér í bænum, hefur gert þær réttarkröfur, að félagsbúi Ólafur Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur verði með úrskurði skiptaréttarins gert að greiða sér kr. 3.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til greiðsludags svo og að félagsbúið og Guðlaug Helga Sveinsdóttir verði in solidum úrskurðuð til þess að greiða málskostnað að mati skiptaréttarins.

Hefur ofanefndur Ólafur Jónsson samþykkt þessa kröfu sóknaraðilja, en varnaraðili Guðlaug H. Sveinsdóttir hefur krafizt þess, aðallega að þessari fjárkröfu sóknaraðilja verði hrundið með öllu, en til vara, að hún verði aðeins greidd sem sérkrafa af búshelmingi Ólafur Jónssonar í félagsbúinu. Hvor kosturinn, sem tekinn yrði, er þess krafizt, að sóknaraðilja verði gert að greiða málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 18. þessa mánaðar.

Þau Ólafur Jónsson bifreiðarstjóri, nú til heimilis að Bugðulæk 13, og Guðlaug Helga Sveinsdóttir, nú til heimilis að Mjólnisholti 6, gengu í hjónaband í ágústbyrjun 1951. Hinn 15. október 1957 er hjónaskilnaðarmál þeirra hjóna tekið fyrir hjá borgardómaranum í Reykjavík samkvæmt kröfu konunnar. Ekki varð samkomulag um skiptingu eignanna og var því atriði vísað til aðgerða skiptaréttarins. Þann 5. marz 1958 ritar umboðsmaður konunnar bréf til skiptaréttarins, þar sem hann óskar þess, að bú þeirra hjóna verði tekið til opinberra skipta, og fylgdi með bréfi þessu endurrit af hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur. Skilnað að borði og sæng fengu aðiljar með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 6. júní 1958.

Uppskrift á eignum félagsbúsins fór fram hér í skiptaréttinum hinn 11. marz 1958, að báðum aðiljum viðstöddum. Komu fram við uppskriftina auk húsmuna ýmissa íbúð að Bústaðavegi 67 svo og bíllinn R 870 (DeSoto 1947). Þess skal getið, að samkvæmt upplýsingum bifreiðaeftirlits ríkisins fékk bíll þessi skrá-

setningarnúmerið R 8259 hinn 2. desember 1958, og var hann seldur á uppboði þannig skrásettur.

Í lok uppskriftar var ákveðið að taka búið til opinberrar skiptameðferðar. Ennfremur var ákveðið, að gefin yrði út innköllun til skuldheimtumanna.

Innköllun til skuldheimtumanna í félagsbúi þessu var síðan gefin út hinn 14. marz 1958, og var hún birt síðast í Lögbirtingablaðinu hinn 10. apríl sama ár.

Hinn 21. maí 1958 lýsir sóknaraðili, Páll Kolbeins, 3.000.00 kr. fjárkröfu í félagsbúið, og barst þessi kröfulýsing hingað til embættisins hinn 24. sama mánaðar, sjá rskj. nr. 2 í málinu.

Byggist kröfugerð sóknaraðilja á skuldaryfirlýsingu Ólafs Jónssonar, ritaðri á víxilform, nánar tiltekið þannig, að Ólafur hefur ritað nafn sitt á eyðublaðið sem samþykktur, og upphæðin kr. 3.000.00 er rituð í þann dálk, sem venja er að rita víxilfjárhæð í tölustöfum. Að öðru leyti er víxilformið ekki útfyllt. Hefur skjal þetta verið lagt fram í málinu sem rskj. nr. 3.

Þá hefur sóknaraðili og lagt fram í málinu sem rskj. nr. 4 tryggingarbréf, dagsett 20. júlí 1956, og útgefna til handhafa, víxla, samtals að fjárhæð kr. 25.000.00. Veðsett er með 1. veðrétti bifreiðin R 870 (DeSoto 1947). Bréfi þessu hefur ekki verið þinglýst.

Að öðru leyti er kröfugerð sóknaraðilja rökstudd með tilvísan til yfirlýsingar Ólafs Jónssonar á rskj. nr. 5 í máli þessu. Segir Ólafur þar, að hann hafi hinn 20. júlí 1956 keypt bílinn R 870 (áður R 8240) af Hannesi Kolbeins fyrir kr. 50.000.00. Greiðsla hafi farið þannig fram, að hann hafi greitt kr. 25.000.00 í peningum, en tekið að sér að greiða skuld Hannesar við föðurbróður hans, Pál Kolbeins, sóknaraðilja máls þessa, en sú skuld hafi numið 25.000.00 krónum. Fyrir þeirri skuld segist Ólafur svo hafa samþykkt 5 víxla, með gjalddögum 20. ágúst, 20. september, 20. október, 20. nóvember og 20. desember 1956, og jafnframt gefið út tryggingarbréfið á rskj. 4 fyrir þessum víxilskuldum. Segir Ólafur, að þessi skuld sé nú öll greidd, nema eftirstöðvar síðasta víxilsins, kr. 3.000.00.

Sóknaraðili heldur því fram, að hér sé um að ræða skuld, sem hafi verið stofnuð, meðan hjúskapur þeirra Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur var við líði, til kaupa á bíl, sem Ólafur hafi haldið úti á bifreiðastöð, sbr. vottorð á rskj. 15, og hafi afrakstur þeirrar atvinnu að sjálfsögðu gengið til þess að framfæra sameiginlegt heimili þeirra hjónanna. Bíll þessi

hafi orðið eign félagsbúsins við kaupin, og við uppboðið hinn 9. desember 1958 hafi uppboðsverð hans gengið til búsins. Þannig hljóti félagsbúið að lúka þessari skuld. Bent er á skattframtal Ólafs fyrir árið 1956, rskj. nr. 11, en þar segist hann hafa keypt bíl þennan.

Varnaraðili Guðlaug Helga Sveinsdóttir mótmælir kröfu sóknaraðilja sem sér og félagsbúinu óviðkomandi. Hún segir, að bíll þessi hafi verið keyptur án sinnar vitundar og vilja. Hann hafi verið skráður á nafn Ólafs Jónssonar og hafi því verið hjúskapareign hans. Hún segist ekki vita til þess, að neinn arður af akstri bílsins hafi gengið til þarfa heimilis þeirra Ólafs, og hafi Ólafur raunar ekki lagt heimilinu og vanrækt það gersamlega.

Að því er viðvíkur gögnum þeim, sem sóknaraðili hefur lagt fram í réttinum og byggir kröfur sínar á, ber að taka fram, að skuldaryfirlýsing Ólafs Jónssonar á rskj. nr. 3 hefur að vísu ekki víxilgildi. En nafnritun hans á skjal þetta virðist þó ekki verða skýrð á annan veg en þann, að hann hafi skilyrðislaust játað sig skuldugan handhafa skjalsins, sem er sóknaraðili máls þessa, um kr. 3.000.00. Hið óþinglýsta tryggingarbréf á rskj. 4 er og undirritað af Ólafi Jónssyni og lagt fram hér í réttinum af sóknaraðilja.

Þau Ólafur Jónsson og Guðlaug Helga Sveinsdóttir höfðu ekki gert með sér kaupmála fyrir giftingu né heldur meðan hjónaband þeirra stóð. Heldur ekki verður séð, eftir því sem fram hefur komið í málinu, að þau hafi komið með eignir í búið, að öðru leyti en því, að Ólafur keypti hluta hússins Bústaðavegur 67 í fokheldu ástandi á árinu 1950.

Þær eignir aðrar, sem fram komu við uppskriftina, munu hafa orðið til í hjónabandi þeirra. Þar á meðal er bifreiðin R 870, sem Ólafur kaupir á árinu 1956. Má telja, að þessi bifreið hafi orðið sameign hjónanna, aflað fyrir sameiginlega starfskrafta þeirra í þágu heimilisins og með fjárhagsaðstoð annarra. Var bifreið þessi og skrifuð upp sem eign félagsbúsins, og er hún var seld, gekk andvirði hennar inn í félagsbúið.

Það verður að ætla, að bifreið þessi hafi verið keypt með það fyrir augum að auka tekjur félagsbúsins, og á framtali Ólafs Jónssonar fyrir árið 1956 telur hann tekjur af bifreiðakennslu nema kr. 3.000.00.

Samkvæmt þessu, sem hér að ofan segir, þykir verða að taka kröfur sóknaraðilja til greina, þannig að félagsbúinu verður gert

að greiða honum kr. 3.000.00 ásamt 7% ársvöxtum, sem þó þykir rétt, að verði reiknaðir frá þeim degi, er kröfulýsing barst skiptaréttinum, hinn 24. maí 1958. Svo og verður félagsbúinu og Guðlaugu H. Sveinsdóttur in solidum gert að greiða sóknaraðilja málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.000.00.

Því úrskurðast:

Félagsbú Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur greiði sóknaraðilja, Páli Kolbeins, kr. 3.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. maí 1958 til greiðsludags. Félagsbúið og Guðlaug Helga Sveinsdóttir greiði sóknaraðilja in solidum kr. 1.000.00 í málskostnað.

Mánudaginn 16. apríl 1962.

Nr. 186/1961. **Guðlaug Helga Sveinsdóttir**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

dánarbúi Þórarins Jónssonar og Ólafi Jóns-

syni og

búi Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu
Sveinsdóttur (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir, Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,
Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr
prófessor.

Búskipti vegna hjónaskilnaðar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 13. desember 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 11. desember s. á. Í Hæstarétti hefur áfrýjandi uppi þessar kröfur: *Aðallega* að bú þeirra Ólafs Jónssonar verði sýknað af kröfum stefnda dánarbús Þórarins Jónssonar, en *til vara*, að kröfur þessar verði taldar sérkröfur á